

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Eyja- og Miklaholtshrepps, nr. 341/2015.

#### 1. gr.

8. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps heldur að jafnaði reglulega fundi sveitarstjórnar í félagsheimilinu Breiðabliki, annan fimmtudag í mánuði. Ekki verða reglulegir fundir í júlí.

Sveitarstjórnarfundir er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt móttakvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis í allt að tvo mánuði.

#### 2. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, 14. gr. a., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

##### *Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.*

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 3. gr.

A-liður 39. gr. samþykktarinnar orðast svo:

#### A. Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í fastanefndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Fræðslu- og skólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni grunn-, leik- og tónlistarskóla skv. erindisbréfi.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um skipulagsmál, umhverfis-, samgöngu- og hreinlætismál skv. erindisbréfi.
3. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Fjallskilanefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að raða niður fjallskilum og gera um það tillögu til sveitarstjórnar.

#### 4. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 25. maí 2022.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*